

Nd.

762. Nefndarálit

[199. mál]

um frv. til l. um innflutning búfjár.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta fjallar um mál, sem mikils er um vert, að ekki sé rasað að afgreiðslu á.

Leyfi til búfjárinnflutnings eða innflutnings á búfjársæði væri æskilegt að veita, ef tryggt væri, að sýkingarhætta fylgdi því ekki. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að dregið verði úr sýkingarhættunni með því, að sérstakri sóttvarnastöð verði komið upp í sambandi við innflutning holdanautasæðis, en um það er ágreiningur, hvort sú ráðstöfun veiti fullnægjandi öryggi.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í nefndinni í gær og síðan afgreitt á 3 mínútna fundi í morgun, og tel ég, að í nefndinni hafi málið enga viðhlítandi athugun fengið, heldur sé afgreiðslu þess flumbrað af.

Þótt tilgangur sá, sem í máli þessu felst, sé góður og ég geti stutt hann, ef tryggt væri, að hægt væri að framkvæma hann án þess að skapa hættur fyrir búfjárstofn landsmanna, þá hafa þau slys orðið einmitt á þessu sviði, að Íslendingar eru skyldir til að fara að með fyllstu gát um búfjárinnflutning í framtíðinni. Það tel ég að hafi með öllu verið vanrækt, að því er varðar afgreiðslu nefndarinnar á málinu, og tek ég því efnislega ekki afstöðu til málsins að svo komnu.

Alþingi, 13. apríl 1962.

Karl Guðjónsson.